



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 20.01.2015

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Sóttvarnarlækni og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Litlar breytingar hafa orðið á eldgosinu í Holuhrauni síðustu vikurnar.
- Mikil jarðskjálftavirkni er enn í Bárðarbungu. Undanfarnar vikur hefur hún þó verið nokkru minni en hún var fyrstu mánuði umbrotanna. Stærsti skjálftinn frá síðasta fundi Vísindamannaráðs á föstudag mældist M4,8 á sunnudag, 18. janúar kl. 22:27. Annar skjálfti uppá M4,7 mældist nú í morgun kl. 10:32. Sextán skjálftar mældust stærri en M4,0 á tímabilinu og um 25 skjálftar á milli M3,0-4,0. Alls hafa mælst um 230 skjálftar frá því á föstudag.
- Í kvikuganginum hafa mælst rúmlega 60 skjálftar frá því á föstudag, allir minni en M2,0 að stærð.
- Við Tungnafellsjökul hafa mælst um 15 skjálftar frá því á föstudag, allir minni en M2,5.
- GPS mælingar við norðurjaðar Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægan samdrátt í átt að Bárðarbungu. Enn dregur þó úr hraða samdráttarins.
- Gögn berast ekki frá nokkrum mælitækjum í og við Vatnajökul. Verið er að vinna í því að koma tækjunum aftur í samband en veðuraðstæður á þessum árstíma eru mjög erfiðar.
- Há gildi brennisteinsdíoxíðs mælast enn. Um 1800 µg/m³ SO₂ mældust á föstudaginn var á Höfn á Hornarfirði og um 1750 µg/m³ í Reykjahlíð á sunnudagskvöld.
- Loftgæði:
 - Í dag (þriðjudag) berst gasmengunin frá eldgosinu norðvesturs og síðar norðurs í hægum vindi. Á morgun (miðvikudag) eru horfur á hægum vindi fyrripartinn og útlit fyrir gasmengun kringum eldstöðina og vestur af henni. Seinni partinn bætir smám saman í vind og mengunin berst til norðurs.
 - Tvennskonar tveggja daga spár eru gerðar vegna mengunar frá eldgosinu. Annars vegar er um að ræða textaspá með kortum sem gerð eru af veðurfræðingi á vakt, sjá [Gas spá](#). Hins vegar er hægt að skoða sjálfvirkt [Gas líkan](#), en þetta er tilraunakeysla sem er í þróun og taka ber með [fyrirvara](#). Veðurstofan og Umhverfisstofnun biður fólk að [Skrá mengun](#), verði það hennar vart og þeim áhrifum sem það verður fyrir.
 - Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is þar eru einnig aðgengileg gögn frá handmælum sem eru víða um land.
- Leiðbeiningar:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgaedi.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar má finna hjá Umhverfisstofnun og Embætti landlæknis, m.a. töflu um [rétt viðbrögð](http://rett.viðbrögð).
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vef sínum eins og greint er frá hér að ofan og þær eru einnig lesnar með veðurfregnum í útvarpi. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun hefur dreift handmælum víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar og niðurstöðurnar má sjá bæði á vef hennar og Veðurstofunnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Gosið hefur staðið í rúmlega fjóra mánuði, enn er mikið hraunflæði í Holuhrauni og sighraði öskju Bárðarbungu verulegur. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir um framvinduna:
 - Gosið í Holuhrauni heldur áfram þar til öskjusig í Bárðarbungu hættir. Gosið getur varað í marga mánuði enn.
 - Gosvirgni færir til suðurs undir Dyngjujökul og veldur jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum. Ef slíkt gos yrði langvinnt gæti það breyst í hraungos.
 - Gos í öskju Bárðarbungu. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Næsti fundur Vísindamannaráðs verður föstudaginn 23. janúar, 2015.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)